

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit ársins hjá Alcoa-Fjarðaál á Reyðarfirði. Engar athugasemdir eru gerðar og engin fráviku komu fram frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir niðurstöður innri og ytri mælinga. Mælingar eru innan marka starfsleyfis en tekin var umræða um einstaka mælipunkta og álagssvæði í umhverfissvöktun. Að sögn rekstraraðila var sumarið í ár gott rekstrarlega séð vegna góðs undirbúnings og eins vegna engra stórra verkefna sem voru framkvæmd í sumar. Útblástur eykst þó á sumrin vegna minni hreinsigetu reykahreinsivirkja við hærra umhverfishitastig. Rætt var um rekstur kerskála en heildarfjöldi kerja er 336. Í fyrra þurfti að endurgangsetja 41 ker, flest þeirra vegna rafskauta sem komu gölluð frá framleiðanda. Engin endurfóðrun á kerjum hefur nú átt sér stað síðan í febrúar en gert en skv. áætlun verða 10 ker tekin út næsta haust og endurfóðruð. Almennur lífstími kerja er um 7-9 ár. Til að vakta kerumhirðu og lokun kerja er m.a. gerð úttekt einu sinni í mánuði.

Rætt var um vatnsmál á svæðinu sem eru skilgreind skv. starfsleyfi í greinum 2.9 - 2.16. Í grein 2.9 er getið um að nýting á vatni skuli vera eins góð og kostur er. Allt framleiðsluvatn er endurnotað, en ekkert losnar úr því fyrir utan vatnsgufu. Sá varmi sem myndast af framleiðsluvatni er notaður til að hita upp ákveðin hús á svæðinu. Bætt er inn á kerfið frá vatnsveitu til að bæta upp það sem gufar upp. Skólþ fer niður á höfn en allt yfirborðsvatn er leitt í gegnum skiljur og í settjarnir. Fleiri uppleystar svifagnir mælast nú út heldur en eru að koma inn eða +2 við fráveitu A-tjarnar og +9 mg/L við V-tjörn en starfsleyfismörk eru +10 mg/L. Samkvæmt rekstraraðila hafa uppleystar agnir í fráveitu vesturtjarnar lækkað í sýni frá því í október. Fjögurra þrepa hreinsun er á öðru vatni frá svæðinu. Einn var rætt var um olíumál og olíuskiljur á svæðinu ásamt því að skoða rekstrarhandbók vegna þeirra.

Rætt var um hráefni og geymslu þeirra. Rafskaut koma á 20-25 daga fresti og eru geymd innandyrá. Súrál og álflúoríð er sett beint á tanka. Íblöndunarefni í steypuskála, sílikon, magnesíum og fl. er geymt í sekkjum í steypuskála á lagersvæði þar sem það er keyrt inn og út úr gámum.

Úrgangsmál voru rædd en þau efni sem urðuð eru frá verksmiðjunni er sellulósi frá vatnshreinsivirki og úrgangur frá mótuneyti. Úrgangur er geymdur í gámum áður en hann er fluttur út. Skaut eru endurnotuð og fara í gegnum hreinsunarferli en menguð skaut, t.d. þau sem hafa farið af gaffli og niður í ker, eru send beint til móttökuaðila.

Farið var yfir skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Samkvæmt rekstraraðila ganga skráningar á viðhaldi mikið á fyrirbyggjandi viðhaldi en viðhaldssaga og viðhaldspörf er skráð í miðlægt skráningarkerfi. Skoðuð voru nokkur atvik í atvikaskráningarkerfi en það var vel skipulagt og vel utan um það haldið.

Að lokum var farið í vettvangsferð út á verksmiðjusvæði en skoðuð voru úrgangsgeymslur, vatnshreinsivirki og steypuskáli.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.01.2018

  
Einar Halldórsson